

36. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 20. mars, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting skv. undirskriftum.

1. **Atvinnumál.**
2. **Boð á aðalfund Tækifæris, fjárfestingasjóðs.**
3. **Staðfesting frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vegna nýrrar gjaldskrár hitaveitu.**
4. **Fundargerð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.**
5. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
 - a) *Fram lagt minnisblað frá bæjarstjóra vegna erindis Matthíasar Sigursteinssonar og Bjarna Einarssonar vegna kaupa á fiskiskipi. Skv. samtali við Matthías vantar 4 milljónir króna til að fjármagna kaupin og óskað er eftir framlagi Blönduóssbæjar. Erindinu er vísað til næsta bæjarstjórnarfundar hinn 25. mars nk.*
 - b) *Bæjarstjóri lagði fram stefnuáætlun í atvinnumálum Blönduóssbæjar en frá janúar sl. hefur stýrihópur og íbúar sveitarfélagsins unnið að henni ásamt ráðgjafa. Bæjarráð samþykkir stefnuáætlunina og vísar henni til frekari umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn.*
2. **Boð á aðalfund Tækifæris, fjárfestingasjóðs.**

Aðalfundurinn verður haldinn nk. miðvikudag, 26. mars, kl. 14 á Akureyri. Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja fundinn.
3. **Staðfesting frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vegna nýrrar gjaldskrár hitaveitu.**

Lagt fram til kynningar.
4. **Fundargerð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.**

Lögð fram til kynningar.
5. **Önnur mál voru engin.**

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 19:00

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir

